

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði þriðjudaginn 21. febrúar. 2017, kl. 17:30. Fundur, nr. 768. Mætt eru: Einar, Elvar, Sigurður, Sigrún, Þorgerður og Þorsteinn. Forföll boðaði, Bjarnveig, Björgvin.

- 1) Fundur settur kl. 17:35.
- 2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
  - a) Bréf dagsett 15. febrúar, frá UMFÍ: Innganga íþróttabandalaga. Lagt fram til kynningar.
  - b) Bréf dagsett 15. febrúar, frá ÍSÍ: Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Lagt fram til kynningar.
  - c) Bréf dagsett 16. febrúar, frá TKÍ: Ársþing TKÍ – fyrra fundarboð. Lagt fram til kynningar.
  - d) Bréf dagsett 20. febrúar, frá ÍSÍ: Nýtt félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Lagt fram til kynningar. Vikuna 3.-7. apríl mun fulltrúi ÍSÍ kynna nýja félagskerfið fyrir UMSE og aðildarfélögum þess.
  - e) Bréf dagsett 20. febrúar, frá Evrópa unga fólksins: Ráðstefna: Raddir ungs fólks skipta máli! Lagt fram til kynningar.
  - f) Bréf dagsett 21. febrúar, frá Svalbarðsstrandarhreppi. Styrkur til UMSE 2017. Lagt fram til kynningar.
- 4) Ársþing UMSE.
  - a) Skýrslur aðildarfélaga -Félagsmálabikarinn.  
Skýrslu hafa borist frá eftirtöldum aðildarfélögum.
    - 1) Golklúbburinn Hamar
    - 2) Hestamannfélagið Hringur
    - 3) Skíðafélag Dalvíkur
    - 4) Umf. Reynir
    - 5) Umf. Samherjum
    - 6) Umf. Smáranum
    - 7) Umf. Svarfdæla, fimmleikadeild
    - 8) Umf. Þorsteinn Svörfuður

Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi stjórnarmönnum skýrslur aðildarfélaga til umsagnar.

- b) Tillögur að forseta og ritara.  
Tillögur um ritara og forseta á ársþing UMSE ræddar, framkvæmdastjóra falið að finna fólk til starfa.
- c) Heiðursviðurkenningar.
  - i) Farið yfir tillögur vegna heiðursviðurkenninga sem lagðar verða fram á ársþingi UMSE.
- d) Tillögur.
  - i) Umræður um tillögur sem lagðar verða fram á ársþinginu.

- ii) Fjárhagsáætlun.  
Farið yfir fjárhagsáætlun og rekstrarreikning sambandsins.
- iii) Lottóúthlutun.  
Breyting á reglugerð varðandi úthlutun á lottótækjum verður lögð fyrir ársþingið.
- iv) Afreksmannasjóður.  
Breyting á reglugerð vegna Afreksmannasjóðs UMSE verður lögð fyrir ársþingið.
- v) Landsmótssjóður UMSE 2009.  
Breyting á reglugerð vegna Landsmótssjóðs UMSE 2009 verður lögð fram á ársþingi.
- vi) Íþróttamaður UMSE.
- vii) Stjórnin ræddi með hvaða hætti væri hægt að auka kosningaþátttöku vegna kjörs á íþróttamanni ársins. Samþykkt að leggja ekki til breytingar varðandi kjör á íþróttamanni ársins. Stjórn mun þó áfram skoða möguleika á rafrænni kosningu. Framkvæmd kosningarinnar er ekki, nema að litlum hluta, bundin í reglugerð og því ekki þörf á reglugerðarbreytingu til þess að kosningin geti orðið rafræn.
- viii) Stefnur.  
Málefnaþingur UMSE verða lagðar fyrir á ársþingið. Stjórn hefur þegar samþykkt þessar stefnur fyrir sitt leyti.

Sigurður yfirgaf fundinn.

## 5) Ársskýrsla og ársreikningar.

- a) Ársskýrsla UMSE þarf að vera tilbúin 6. mars og verður prentuð hjá Ásprent.
- b) Framkvæmdastjóri heldur áfram vinnu við ársskýrsluna.
- c) Ársreikningar.
  - i) Aðalsjóður.
    - (1) Tekjur, kr. 11.458.507.-
    - (2) Gjöld, kr. 10.794.322.-
    - (3) Fjármagnstekjur að frádregnum skatti, kr. 376.715.-
    - (4) Eignir samtals, kr.14.951.513.-
    - (5) Skuldir samtals, kr. 2.983.480.-
  - ii) Landsmótssjóður.
    - (1) Styrkir greiddir úr sjóði, kr. 320.000.-
    - (2) Tekjur (fjármagnstekjur að frádregnum skatti), kr. 74.119.-
    - (3) Niðurstaða, kr. 245.881.-
    - (4) Eignir í árslok, kr. 2.442.792.-
  - iii) Afreksmannasjóður.
    - (1) Styrkir greiddir úr sjóði, kr. 420.000.-
    - (2) Tekjur, kr. 696.019.-
      - (a) Lottó í afreksmannasjóð, kr. 669.692.-
      - (b) fjármagnstekjur að frádregnum skatti, kr. 26.327.-
    - (3) Tekjuafgangur, kr. 276.019.-
    - (4) Eignir, kr. 1.697.659.-
    - (5) Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða, kr. 1.040.900. -

d) Samþykkt að reikningar sambandsins verði skoðaðir miðvikudaginn 22. febrúar.  
Skoðunarmenn eru Anna Kristín Árnadóttir og Elín Margrét Stefánsdóttir.

6) Önnur mál.

a) Vegna frágangs gagna.

Upplýsingar frá Guðmundi Steindórssyni vegna vinnslu og frágangi á gögnunum fyrir sögu UMSE lagðar fyrir fundinn. Guðmundur telur verkefnið vera tímafrekt þar sem um er að ræða mikið magn af skjölum sem fara þarf yfir blað fyrir blað. Líklegt má telja að kostnaður vegna skráningar gagna verði hærri en áætlað var í fyrstu.

7) Næsti fundur ákveðinn eftir ársþing UMSE. Bjarnveig kemur með veitingar.

8) Fundi slitið kl. 19:44.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---